

# 1278. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 2. apríl 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson varamaður, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Boðuð forföll:** Harpa Sævarsdóttir og Jennifer Schröder.

**Næsti fundur:** 14. maí 2025.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund. Hún bauð fundarfólk velkomið, sérstaklega nýja stjórnarmenn, bæði í aðalstjórn og varastjórn, en þrjú ný komu inn í stjórn og tvö í varastjórn í síðustu kosningum. Allir stjórnarmenn voru boðaðir á fundinn, bæði aðalmenn og varamenn. Stjórnarmenn kynntu sig.

Halla óskaði eftir að gera breytingu á dagskrá, liðurinn Gjafabréf Icelandair verði nr. 8, aðrir liði færast til í samræmi við það.

Samþykkt.

## 1. Fundargerð 1277. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1277. stjórnarfundar VR til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt og send í rafræna undirritun.

## 2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Halla sagði eitt framboð hafa komið til varaformanns, frá Ólafi Reimari Gunnarssyni sem var varaformaður á síðasta kjörtímabili. Hún spurði eftir öðrum framboðum, en engin komu. Ólafur telst sjálfkjörinn.

Halla sagði eitt framboð hafa komið til ritara, frá Kristjönu Þorbjörgu Jónsdóttur. Halla spurði eftir öðrum framboðum, en engin komu. Kristjana telst sjálfkjörin.

Stjórnarfólk klappaði fyrir kjöri þeirra Ólafs og Kristjönu.



### 3. Skipun í nefndir hjá VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Ráð og nefndir á vegum stjórnar VR 2025-2026“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla sagði frá því að hún hafi heyrt í öllum stjórnarmönnum um óskir þeirra varðandi skipan í nefndir og hafi hún reynt að koma til móts við þær. Hún kynnti tillögur sínar að á glærum. Í umræðum var gerð ein breyting, Birgitta Ragnarsdóttir kom inn sem aðalmaður í umhverfisnefnd og Diljá Ámundadóttir Zoega verður til vara. Lokaskipan er sem hér segir:

#### **Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR**

Selma Björk Grétarsdóttir  
Þórir Hilmarsson  
Harpa Sævarsdóttir  
Birgitta Ragnarsdóttir  
Eldar Ástþórsson

#### **Varamenn**

Jónas Yngi Ásgrímsson  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

#### **Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR**

Jennifer Schröder  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Diljá Ámundadóttir Zoega  
Gabríel Benjamin  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamaður  
Þórir Hilmarsson

#### **Starfsmenntanefnd VR**

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Diljá Ámundadóttir Zoega  
Karl F. Thorarensen  
Birgitta Ragnarsdóttir  
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Varamenn  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Eldar Ástþórsson



## **Húsnæðisnefnd VR**

Selma Björk Grétarsdóttir  
Harpa Sævarsdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Jónas Yngvi Ásgrímsson  
Gabríel Benjamin

Varamaður  
Jennifer Schröder

## **Laganefnd VR**

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Bjarni Sigurðsson

## **Varamaður**

Andrea Rut Pálsdóttir

Launanefnd VR  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

## **Kjaramálanefnd VR**

Andrea Rut Pálsdóttir  
Styrmir Jökull Einarsson  
Gabríel Benjamin  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
Jónas Yngvi Ásgrímsson

## **Varamenn**

Birgitta Ragnarsdóttir  
Ólafur Reimar Gunnarsson

## **Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR**

Bjarni Þór Sigurðsson  
Andrea Rut Pálsdóttir  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

## **Varamaður**

Karl F. Thorarensen



## **Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR**

Gabriel Benjamin  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Diljá Ámundadóttir Zoega  
Jennifer Schröder  
Styrmir Jökull Einarsson

### **Varamenn**

Birgitta Ragnarsdóttir  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

## **Styrkjanefnd VR**

Selma Björk Grétarsdóttir  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Þórir Hilmarsson  
Styrmir Jökull Einarsson  
Eldar Ástþórsson

### **Varamaður**

Bjarni Þór Sigurðsson

## **Framtíðarnefnd VR**

Gabriel Benjamin  
Birgitta Ragnarsdóttir  
Karl F. Thorarensen  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Jónas Yngvi Ásgrímsson

### **Varamenn**

Styrmir Jökull Einarsson  
Eldar Ástþórsson

## **Umhverfisnefnd VR**

Karl F. Thorarensen  
Birgitta Ragnarsdóttir  
Eldar Ástþórsson  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Andrea Rut Pálsdóttir

### **Varamenn**

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Diljá Ámundadóttir Zoega



## **Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks**

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

### **Varamaður**

Jónas Yngvi Ásgrímsson

## **Uppstillinganefnd um val á stjórnarfólki í Lífeyrissjóði verzlunarmanna**

Halla Gunnarsdóttir  
Karl F. Thorarensen  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Selma Björk Grétarsdóttir  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

### **Varamaður**

Jennifer Schröder

## **VR Blær leigufélag slhf.**

Halla Gunnarsdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Selma Björk Grétarsdóttir

### **Varamaður**

Ólafur Reimar Gunnarsson

## **4. Kjaramál – staðan**

Halla ræddi undirbúning næstu kjaraviðræðna en hún hafi lagt á það áherslu í kosningum til formanns í mars að hefja ætti þann undirbúning að kosningum loknum. Hún sagðist munu ræða það betur á næsta fundi.

Staðan í kjaradeilum hjá Elkem og Norðuráli er óbreytt en báðum deilum hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Hjá Elkem var kjarasamningur felldur í atkvæðagreiðslu. VR hefur fát starfsfólk hjá fyrirtækjunum. Vonir standa til að hreyfing komist á hlutina fljótlega.

Halla ræddi fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var nýlega. Stjórnvöld stefni að því að ná hallalausum fjárlögum fyrr en fyrri stjórn og hafi kynnt leiðir til þess, margar hverjar sem snerti hagsmuni félagsfólks VR. Þar undir sé jöfnunarframlag á örorkubyrði sem hafi áhrif á lífeyrissjóðina. Stjórnvöld hafi einnig áform um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu á þann veg að stytta bótatímabilið um heilt ár, úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Þetta hefur verið til umræðu í miðstjórn ASÍ segir Halla, en rökstuðningur fyrir þessari breytingu er afar rýr.

Halla hefur rætt þessi mál við formann fjárlaganefndar og sagði að félagið muni fylgjast vel með þróuninni sem getur skipt sköpum þegar kemur að þjónustu við launafólk og uppbyggingu innviða.

Halla sagði fram komið frumvarp um að afnema búvörulög, sem félagið gerði á sínum tíma alvarlega athugasemdir við, og væri það til bóta.

Í miðstjórn ASÍ er verið að setja á laggirnar hóp til að ræða leikskólamál en VR hefur látið til sín taka í þeim málaflokki. Stefnt er að því að móta sameiginlega sýn verkalýðshreyfingarinnar til þeirra breytingar sem hafa verið gerðar á leikskólastiginu, einkum í ljósi Kópavopgsmóðelsins svokallaða sem felur í sér skerta þjónustu við fjölskyldur og umtalsverða hækkun leikskólagjalda. Ekki er samhljómur um þetta innan hreyfingarinnar, sagði Halla, og er tekist á um málið. VR stendur gegn því að hækka leikskólagjöld sem myndi bitna verulega á VR félögum. Stefnt er að því að fulltrúi frá LÍV eigi sæti í hópnum.

Umræður

Ólafur Reimar Gunnarsson fór af fundi kl. 18:30.

## 5. – 6. Starfsreglur stjórnar VR & Reglur um kjörgengi stjórnarfólks

Í fundargátt eru eftirtalin skjöl „Reglur um hæfi stjórnarfólks 2025 Drög“, „Starfsreglur stjórnar VR 2025 Drög“, „Siðareglur VR“ og „Starfsreglur stjórnar, siðareglur og reglur um kjörgengi“ til kynningar.

Í kynningu sinni á breytingum á starfsreglum og reglum um kjörgengi og hæfi stjórnarfólks óskaði Halla eftir því að fá að ræða þessi tvö mál saman. Samþykkt.

Halla kynnti starfsreglur stjórnar og tillögur að breytingum á þeim á glærum. reglurnar munu liggja á milli funda og verða afgreiddar á stjórnarfundi í maí. Tillögur að breytingum á starfsreglum og reglum um kjörgengi stjórnarfólks eru einkum þessar:

1. Stjórnarfólk sem er á fjarfundi verði í mynd á fundinum.
2. Óskir frá stjórnarfólki um mál á dagskrá stjórnarfunda berist með 8 daga fyrirvara í stað 6 áður.
3. Ef stjórnarfólk óskar eftir því að haldinn verði stjórnarfundur, skal halda hann innan 7 daga í stað 10 áður.
4. Einn fundur stjórnar á ári hverju skal haldinn á starfsstöð félagsins utan höfuðborgarsvæðisins.
5. Leggja skal áherslu á að afgreiðsla mála fari fram á stjórnarfundum en verði ekki gerð í tölvupóstsamskiptum.
6. Birting fundargerða í stjórnargátt verði innan 72 stunda í stað 48 stunda eins og áður var.

7. Ef formaður hættir störfum verði fyrirkomulag með þeim hætti að varaformaður gegni störfum fyrir formann og ritari fyrir varaformann.
8. Hert sé á eftirfylgni með kjörgengi, þ.e. að kjörstjórn fari yfir kjörgengi alls stjórnarfólks fyrir 20. febrúar á hverju ári.

#### Umræður

Eftir umræður var ákveðið að skoða fyrir næsta fund tímasetningar fyrir skil á gögnum / ósk eftir gögnum sem og boðun funda. Þá óskaði stjórnarmaðurinn Bjarni Þór Sigurðsson eftir því að koma með tillögu um breytingar á ákvæðum um kjörgengi og hæfi.

Halla óskaði að fá tillögur að breytingum fyrir næsta fund stjórnar.

### 7. Starfsáætlun stjórnar

Halla fór yfir starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2025. Fundir stjórnar eru almennt haldnir annan hvern miðvikudag í mánuði, að júlí undanskildum. Hún benti á að 28. apríl væri fyrirhugað að hafa vinnufund stjórnar um styrkjafyrirkomulag félagsins. Þá hvatti hún stjórnarfólk sem allt á sæti í Fulltrúaráði Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að mæta á þá fundi sem ráðið er boðað á. Hún hvatti jafnframt stjórnarfólk til að mæta í kröfugöngu og fjölskylduviðburð þann 1. maí.

Stjórnarfólk mun fá fundarboðun á fundi og aðra viðburði stjórnar.

### 8. Gjafabréf Icelandair

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir stöðuna varðandi viðræður við Icelandair um afslátt á gjafabréfum félagsins í flug. Hann sagði fyrir liggja tillögu um að halda áfram samstarfi við Icelandair, þrátt fyrir að flugfélagið hafi minnkað mjög afslátt til stéttarfélaga á gjafabréfum – það var 10% en er núna 7%. Ekki sé samstaða um að hætta að bjóða félagsfólki að kaupa gjafabréf. Upphæð gjafabréfanna verði óbreytt en þau muni nú kosta 23.900 kr. í stað 23.000 áður.

#### Umræður

Að loknum umræðum var lögð tillaga fyrir fundinn að gera ekki breytingar á sölu gjafabréfa Icelandair að sinni en beina því til stjórnar Orlofssjóðs að koma með tillögur að mögulegum breytingum að nýjum leiðum í þessari orlofsþjónustu í haust.

Samþykkt með einu mótakvæði og einni hjásetu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

